

**Nd.**

**39. Frumvarp til laga**

[38. mál]

um breyting á lögum nr. 46 frá 10. júní 1960 um Verslunarbanka Íslands h.f.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

**1. gr.**

Við 5. gr. laganna bætast eftirfarandi málsgreinar, er verði 2. og 3. mgr.:

Nú er ákveðið í samþykktum félagsins, að stjórnin skuli skipuð fleiri en 3 aðalmönnum, og er þá einnig heimilt að ákveða, að stjórnarmenn skuli kosnir til lengri tíma en árs í senn og á víxl, þannig að 2 aðalmenn hið fæsta ásamt jafnmörgum varamönnum verði í kjöri á aðalfundi hverjum.

Heimilt er og að ákveða, að formaður stjórnarinnar skuli kosinn sérstakri kosningu á aðalfundi, til eins árs eða fleiri í senn.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er flutt vegna beiðni bankaráðs Verslunarbanka Íslands hf. Bankaráðið hefur vegna tilmæla frá samtökum kaupþýslumanna, er að bankanum standa, fallist á að óska eftir breytingu á 5. gr. laga nr. 46 frá 10. júní 1960 um Verslunarbanka Íslands hf., en ofangreind samtök hafa óskað eftir breyttu fyrirkomulagi á kosningu til bankaráðs bankans. Hafa samtökin óskað eftir því, að fjölgað verði í bankaráðinu um 2 aðalmenn og jafnmarga til vara og kjörtíma bankaráðsmanna verði jafnframt breytt.

Til þess að mögulegt sé að gera breytingar á viðkomandi greinum samþykta bankans, eru framangreindar lagabreytingar taldar nauðsynlegar. Breytingar þær á samþykktum bankans, sem hér er um að ræða, eru m. a. þær, að formaður bankaráðs verði kjörinn sérstaklega til eins árs eða fleiri, en aðrir bankaráðsmenn verði kjörnir á víxl, 2 á hverjum aðalfundi, til fleiri ára en eins, jafnframt því, sem bankaráðsmönnum verði fjölgað úr 3 í 5.

Lagabreyting sú, sem hér er farið fram á, að gerð verði, er fólgin í því að bæta við 5. gr. laganna tveimur málsgreinum, sem yrðu 2. og 3. málsg.